

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 10. mars 2021

10. tölublað | 15. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

|   |   |  |  |
|---|---|--|--|
| <br>ROLEX              | <br>TUDOR    |  | <p>Glæsilegt úrval heimsþekktra<br/>vörumerkja</p> <p>MICHELSEN<br/>1909</p> <p>Hafnartorg · 511 1900 · michelsen.is</p> |
| <br>TAGHeuer           | <br>LONGINES |  |  |
| <br>NOMOS<br>GLASHÜTTE | <br>TISSOT   |  |  |

## Alvotek fær um 4,5 milljarða

Líftæknifyrirtækið kláraði 35 milljóna dala fjármögnun í síðustu viku. Fyrsta sinn sem íslenskir fjárfestar leggja fyrirtækinu til hlutafé.

2

## Flugmenn með 3% í Icelandair

Atvinnuflugmenn eiga hátt í þriggja prósentu hlut í Icelandair eftir hlutafjárútböð félagsins. Það er til viðbótar við eignarhlut EFÍA sem nemur um einu prósentu.

2

## Tug milljarðar leitað á markaðinn

Horfur eru á að fyrirtæki í Kauphöll muni greiða hluthöfum 49 milljarða króna. Skráð fyrirtæki komu flest nægjanlega vel út úr COVID-19 til að geta greitt út arð.

4

## Creditinfo metið á 30 milljarða

Creditinfo Group verðmetið á hátt í 30 milljarða af LLC sem keypti meirihluta hlutafjár. Sænska Kamprad-fjölskyldan, kennd við IKEA, stærsti hluthafi sjóðsins.

8

## Stærsta spurning kosninganna

Hvernig flokkarnir ætla að styðja við hraða viðspyrnu ferðaþjónustunnar – og þar með viðspyrnu efnahagslífsins – er ein stærsta spurning komandi kosninga.

10

## Hagstæð raforka var samkeppnisforskotið

Forstjóri Elkem á Íslandi segir að hagstætt orkuverð hafi alla tíð verið samkeppnisforskotið Íslands, en því sé vart að skipta lengur. Síðasta ár var hið erfiðasta í rekstri Elkem frá upphafi, en nýtt ár fer töluvert betur af stað. ➔6



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

\*GUCCI



Nýtt - sólgleraugu 2021  
www.opticalstudio.is

## Flugmenn eiga hátt í þrjú prósent í Icelandair

Atvinnuflugmenn eiga hátt í þrjú prósent hlut í Icelandair Group eftir hlutfjárútboð flugfélagsins. Það er til viðbótar við eignarhlut Eftirlaunastjóðs félags íslenskra atvinnuflugmanna (EFÍA) sem nemur um einu prósent. Þetta segir Sturla Ómarsson, stjórnarformaður EFÍA og frambjóðandi til stjórnar Icelandair.

„Það er gaman að segja frá því að flugmenn eiga líklega á bilinu 2 til 3 prósent í félaginu og af þeim eru um 85 prósent í uppsögn. Það sýnir trú flugmanna á fyrirtækinu, framtíð þess og viljann til að taka þátt í uppbyggingunni,“ segir Sturla.

Sturla, sem hefur meistaraáráðun í fjármálum, hefur starfað hjá Icelandair í um aldarfjórðung og lengst af sem flugstjóri. Þá hefur hann setið í stjórn EFÍA í ellefu ár og þar af átta ár sem stjórnarformaður. Hann tekur þó fram að framboðið sé alfarið á hans eigin vegum en ekki lífeyrissjóðsins.

„Ég þekki reksturinn út og inn, og tel að það sé gott að hafa rödd við stjórnarborðið sem vikkar og dýpkar umræðurnar,“ segir Sturla, sem hefur í gegnum tíðina sinnt margs konar greiningarvinnu á flugmarkaðinum. Að hans mati eru ýmis vinnuþættir í rekstri Icelandair.

„Árstíðasveiflur Icelandair eru of ýktar. Sveiflur á milli stærsta og minnsta ársfjórðungsins hvort sem horft er til tekna eða framleiðslu hafa slagað upp í 140 prósent en kostnaður sveiflast ekki jafn mikið. Það er ljóst að kostnaðurinn er að smitast á milli ársfjórðunga og lausnin við því er að nýta innviði félagsins betur. Þar eru áhafnir ekki undanskildar,“ segir Sturla.

**Ljóst er að það er umtalsverður sparnaður fölginn í því að nýta innviði félagsins betur.**

Sturla Ómarsson, stjórnarformaður EFÍA



Samkvæmt heimildum Markaðarins sagði Sturla á kynningarfundum vegna framboðsins með stórum hluthöfum Icelandair að ná mætti allt að 40 prósentu betri nýtingu á áhöfnum.

„Ef þú ert með árstíðasveiflu sem slagar upp í allt að 140 prósent og kostnaður smitast milli tímabila, er ljóst að það er umtalsverður sparnaður fölginn í því að nýta innviði félagsins betur,“ ítrekar Sturla, spurður um umfang þess sem gæti sparast.

Eigendur af samtals 53 prósentum hlutfjár munu hafa atkvæðisrétt á aðalfundi Icelandair Group sem fer fram á fimmtudaginn. Frambjóðendur sem komust ekki á lista tilnefningarnefndar félagsins náðu ekki að knýja fram margfeldiskosningu og mun því stjórnarkjörið vera með hefðbundnum hætti. Án margfeldiskosningar verður erfiðara fyrir nýja frambjóðendur að komast í stjórn. – þfh

# Íslenskir fjárfestar með tvo milljarða í Alvotech

Líftæknifyrirtækið kláraði 35 milljóna dala fjármögnun í síðustu viku. Fyrsta sinn sem íslenskir fjárfestar leggja fyrirtækinu til hlutafé. Tryggir reksturinn fram að boðuðu hlutfjárútboði og skráningu á markað erlendis síðar á árinu.

Líftæknifyrirtækið Alvotech hefur lokið fjármögnun upp á samtals 35 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 4,5 milljarða íslenskra króna, en í þeim hópi sem leggja félaginu nú til nýtt hlutafé eru íslenskir fjárfestar. Þetta mun vera í fyrsta sinn sem innlendir fjárfestar, sem eru ekki hluti af stjórnendateymi félagsins, koma inn í hluthafahóp Alvotech.

Samtals hefur Alvotech sótt sér um 100 milljónir dala í nýtt hlutafé á undanförunum fjórum mánuðum.

Árni Harðarson, aðstoðarforstjóri Alvogen, sem er systurfélag og stór hluthafi í Alvotech, staðfestir í samtali við Markaðinn að gengið hafi verið frá fjármögnuninni í síðustu viku í lokuðu útboði. Auk íslensku fjárfestanna, sem lögðu fyrirtækinu til um 15 milljónir dala, jafnvirði tæplega 2 milljarða króna, komu inn nýir erlendir strategískir fjárfestar. Að sögn Árna var umframeftirspurn í útboðinu en markaðsvirði Alvotech eftir þessa síðustu fjármögnun nemur um 2,4 milljörðum dala, eða um 300 milljarðar króna.

Ekki fást upplýsingar um nöfn þeirra íslensku fjárfestu sem tóku þátt í útboðinu, sem fara nú samanlagt með undir eins prósent hlut í Alvotech, en samkvæmt heimildum Markaðarins er ekki um að ræða lífeyrissjóði. Það var verðbréfa-fyrirtækið Arctica Finance sem var ráðgjafi Alvotech við hlutfjárúknunguna hér innanlands.

Með þeirri fjármögnun sem nú er lokið er talið að búið sé að tryggja rekstur fyrirtækisins fram að áformuðu hlutfjárútboði og skráningu á markað erlendis síðar á árinu. Stefnt hefur verið að skráningu í kauphöll í Hong Kong en samhliða er einnig horft til þess möguleika að félagið fari á markað í bandarísku kauphöllinni Nasdaq. Alþjóðlegu fjárfestingabankarnir Morgan Stanley, Goldman Sachs og HSBC verða ráðgjafar félagsins við skráningarferlið.

Alvotech, sem er stýrt af Róberti Wessman, stofnanda félagsins, hóf vinnu við útgáfu á nýju hlutafé á síðasta ári, eins og Markaðurinn hefur áður sagt frá, og var markmiðið að sækja sér samtals 100 milljónir dala. Fjárfestingin var meðal annars kynnt íslenskum fjárfestingafélögum og lífeyrissjóðum síðastliðið haust. Ekkert varð hins vegar



Róbert Wessman, forstjóri og stofnandi Alvotech.

# 300

milljarðar er markaðsvirði Alvotech eftir síðustu hlutfjárúknungu.

af aðkomu þeirra þegar Alvotech lauk fyrsta áfanga fjármögnununar – upp á samtals 65 milljónir dala – í lok október.

Auk núverandi hluthafa Alvotech, sem lögðu til stóran hluta fjármagnsins, þá komu að þeirri hlutfjárúknungi fjárfestar úr lyfjagerinum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. Í þeim hópi var meðal annars þýska fjárfestingafélagið Athos Group en það fer með ráðandi eignarhlut í lyfjaframleiðandanum BioNTech sem þróaði bóluefni við COVID-19 í samvinnu við bandaríska lyfjafarisann Pfizer.

Í ágúst í fyrra var tilkynnt um að Alvotech og alþjóðlegi lyfjafarisinn Teva Pharmaceuticals hefðu gert með sér samstarfssamning um þróun, framleiðslu og markaðssetningu fimm líftæknilyfja í Bandaríkjunum. Mun samningurinn tryggja Alvotech tekjur upp á hundruð milljarða króna á næstu árum. Fram hefur komið í máli stjórnenda félagsins að það stefni að því að velja Alvotech verði um 20 prósent af gjaldrystekjum þjóðarþúsins árið 2027.

Gera áætlanir ráð fyrir því að fyr-

irtækið ráði til sín 70 vísindamenn og sérfræðinga til viðbótar við þá 480 sem nú starfa hjá Alvotech, að stærstum hluta á Íslandi. Alvotech réðst fyrir skömmu í stækkun á háteknisetri sínu í Vatnsmýrinni og verður það um 24 þúsund fermetrar að loknum framkvæmdum.

Í lok síðasta árs var greint frá því að Alvotech hefði fengið staðfestingu frá lyfjastofnunum í Bandaríkjunum og Evrópu um að umsókn um markaðsleyfi fyrir líftæknihliðstæðu (e. biosimilar) Humira væri komið í formlegt mat. Lyfið selst í dag fyrir um 20 milljarða Bandaríkjadala á ári á heimsvísu og er hluti af samstarfssamningi Alvotech við Teva. Búið er við að mat á umræddum umsóknum verði lokið á fjórða ársfjórðungi 2021.

Alvotech er í meirihlutaeigu Aztiq Pharma og þá er Alvogen stór hluthafi, en þar eru fyrir einir stærstu fjárfestingasjóðir í heiminum í dag, CVC Capital Management og Temasek sem er fjárfestingasjóður í Singapor. Aðrir hluthafar eru meðal annars alþjóðlegi fjárfestingasjóðurinn Yas Holding og japanska lyfjafyrirtækið Fuji Pharma.

Frá stofnun hafa hluthafar Alvotech lagt félaginu til um 340 milljónir dala en auk þess var gefið út breytanlegt skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir dala í ársbyrjun 2019, þar sem Morgan Stanley var lykilfjárfestir, og verður því breytt í hlutabréf við skráningu erlendis. [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang [ritstjorn@markadurinn.is](mailto:ritstjorn@markadurinn.is) | Sími 550 5051

Ritstjóri Hörður Egiðsson [hordur@frettabladid.is](mailto:hordur@frettabladid.is)

Netfang auglýsingadeildar [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) Veffang [frettabladid.is](http://frettabladid.is)

MUNDU EFTIR GÖMLU GÓÐU AFMÆLSKRINGLUNNI - fyrir 25-30 manns

Þessa vöru þarf að sérpanta. S. 561 1433  
Netfang: [bjornsbakari@bjornsbakari.is](mailto:bjornsbakari@bjornsbakari.is)

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is  
Austurströnd 14 • Hringbraut 35

## Nýtt drykkjafyrirtæki fær liðstyrk frá einum af lykilmönnum Siggi's

Nýr, áfengur drykkur, þróaður af þremur Íslendingum, er væntanlegur í verslanir ÁTVR á næstu vikum og í kjölfarið er stefnt að markaðssókn í Þýskumælandi löndum, Skandinavíu og víðar. Sveinn Ingimundarson úr Siggi's Skyr kom nýlega inn í félagið til að styrkja vörumerkið með nýjar hugmyndir um hönnun dósanna.

Bliss er svokallaður harður seltzer, en það er nýleg tegund áfengra drykkja sem hefur rutt sér til rúms í Bandaríkjunum á undanförunum árum. Velta harðra seltzera í Bandaríkjunum slagar hátt í þrjú milljarða dala á ári og söluhæsti drykkurinn þar í landi selst

nú betur en rötgróna björttegundin Budweiser. Sama þróun er nú að taka af stað í Evrópu.

Bliss drykkurinn er nær kolvetnalaus, þar sem áfengið er gerjað úr ávöxtum með geri sem étur upp allan sykur. Bliss er blandaður með svokölluðu „artesan“ kolsýrðu vatni og náttúrulegum bragðefnum bætt í. Engum sykri eða gervisætu-efnum er bætt við. Framleiðslan fer fram í sögufrægu brugghúsi í miðri Vínarborg og áhersla verður lögð á að markaðssetja Bliss sem hágæða vöru í sínum flokki.

Varan var þróuð af þremur ungum frumkvöðlum og stofnendum fyrirtækisins Good Spirits Only, þeim Hjörvari Gunnarssyni, Degi

Ingimarssyni og Jóni Pálssyni. Þegar ekki reyndist mögulegt að flytja inn mest selda harða seltzer Bandaríkjanna, White Claw, ákváðu þeir að þróa sinn eigin með það að markmiði að gera jafnvel enn bragðbetri drykk. Þeir fengu til liðs við sig Benedikt Hreinsson, sem er með mikla reynslu úr drykkjavörugæiranum í Evrópu.

Sveinn Ingimundarson er einn af fjárfestunum á bak við Bliss en hann var á meðal fyrstu hluthafa í The Icelandic Milk and Skyr Corporation, fyrirtækinu á bak við skyrvörumerkið Siggi's, þar sem hann sá um hönnun umbúða. Sveinn hefur tekið að sér að endurhanna umbúðir Bliss með tilliti til breiðari markhóps. Sú vinna er á lokastigi og kemur varan með nýju útliti á markað í sumar. – þfh



Í Landsbankaappinu getur þú sinnt fjármálunum á ferðinni, stofnað reikninga, kort og margt fleira sem sparar sporin og einfaldar reksturinn.

—  
ÞAÐ ER LANDSBANKI  
NÝRRA TÍMA

## Einfaldari rekstur með Landsbanka- appinu

**Haraldur Baldursson**  
Eigandi HB tækniþjónustu

# Mikið fé gæti streymt aftur á markað

Horfur eru á að fyrirtæki í Kauphöll muni greiða hluthöfum 49 milljarða króna. Skráð fyrirtæki komu flest nægjanlega vel út úr COVID-19 til að geta greitt út arð. Eigið fé safnaðist upp hjá fjármálafyrirtækjum og tryggingafélögum á árinu 2020.

Helgi Vífill  
Júliússon  
helgivifill@frettabladid.is



Umtalsvert fé mun að líkindum streyma á hlutabréfabréfmarkað í ljósi þess að fyrirtæki í Kauphöll munu greiða hluthöfum samanlagt um 48,9 milljarða, samkvæmt samantekt Markaðarins. Sérfræðingar slá á að arðgreiðslur og endurkaup verði svipuð að umfangi og selt verður í hlutfjárútboðum við skráningu Íslandsbanka og Síldarvinnslunnar í Kauphöllina.

Fyrirtæki í Kauphöllinni munu greiða hluthöfum 19,5 milljarða króna í arð á næstunni, 9,7 milljarðar munu renna í hendur hluthafa með lækkun hlutfjár og fyrirtækin stefna á að kaupa eigin bréf fyrir um 19,7 milljarða króna á árinu.

Mogens Gunnar Mogensen, forstöðumaður hlutabréfastýringar hjá Íslandssjóðum, segir að um sé að ræða mun hærri fjárhæðir en áður. „Undanfarnir ár hafa arðgreiðslur og endurkaup numið í kringum 30 milljörðum á ári, efrá er talið árið 2019 þegar fjárhæðin var ríflega 40 milljarðar,“ segir hann.

„Helsta ástæðan fyrir hærri útgreiðslum á árinu 2021 er að eigið fé safnaðist upp hjá fjármálafyrirtækjum og tryggingafélögum á árinu 2020 vegna tilmæla frá Fjármálaeftirliti Seðlabankans um að greiða ekki út arð eða kaupa eigin bréf. Þetta var gert til að tryggja sterka eiginfjárstöðu vegna efnahagslegrar óvissu tengda COVID. Í ársbyrjun 2021 var svo létt á þessum hömlum sem gerði félögum mögulegt að hefja aftur útgreiðslur til hluthafa innan ákveðinna marka. Arion banki var snöggur til að tilkynna um 15 milljarða endurkaupaáætlun og ætlar auk þess að greiða þrjú milljarða í arð, svo hann hreyfir nálina duglega. Þá má einnig nefna að Síminn er að greiða óvenjumikið út til hluthafa nú, eða um 9 milljarða, til að bæta hjá sér fjármagnsskipanina. Arðgreiðslur og endurkaup eru á heildina litið að vaxa um hátt í 50 prósent á milli ára.“

Óðinn Árnason, sjóðsstjóri hlutabréfasjóða hjá Stefni, segir að á undanförunum árum hafi skráð fyrirtæki í Kauphöll aukid greiðslur og endurkaup eigin bréfa. „Oft hefur arðgreiðslum verið fjárfest að stórum hluta til aftur á hlutabréfmarkaðinn. Hlutabréfaverð hefur þannig stundum átt tilhneigingu til að hækka í lok mars og byrjun apríl þegar arðgreiðslur berast hluthöfum og þeim hefur verið endurfjárfest aftur á markaðinn. Fyrirtækin sem skráð eru í Kauphöllina komu flest nægjanlega vel út úr COVID-19 til að geta greitt út arð,“ segir hann.

Nýverið var gengið frá sölu á íbúðaleigufélaginu Ölmur fyrir ellefu milljarða til fjölskyldunnar sem meðal annars á heildverslunina Mata. Reikna má með að talsverður hluti af þeirri fjárhæð renni á hlutabréfmarkaðinn, að því er sérfræðingar á markaði telja, en helstu hluthafar voru félög tengd Guðbjörgu Matthíasdóttur, aðal-eiganda Ísfélagsins í Vestmannaeyjum, tryggingafélagin TM, Sjóvá og VÍS.

Mogens Gunnar segir öruggt að hluti af þeim fjármunum sem skráð fyrirtæki greiða út til hluthafa leiti aftur inn á hlutabréfmarkaðinn. Hlutabréfasjóðir muni flestir fjárfesta aftur þeim fjármunum sem þeir fá í hendurnar en meiri óvissa



Talið er að stór hluti af kaupverði Ölmur íbúðaleigufélags renni á hlutabréfmarkað. FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

## Stefnir með nýjan arðgreiðslusjóð

Stefnir, sjóðastýringarfélag í eigu Arion banka, hefur hleypt af stokkunum arðgreiðslusjóði. Óðinn Árnason, sem stýrir sjóðnum, segir að einungis verði fjárfest í félögum sem sögulega greiða arð eða eru líkleg til að greiða arð innan 12 mánaða. „Mörgum þykir þægilegra að færa sparnað úr innlánnum og skuldabréfum í ljósi lágs vaxtastigs í sjóð sem fjárfestir einungis í fyrirtækjum í Kauphöll sem greiða arð eða eru líkleg til þess. Það gerir það mögulegt að sjóðsfélagar fá greiddan arð úr sjóðnum einu sinni á ári. Það má gera ráð fyrir að sjóðurinn geti greitt arð um og yfir þrjú prósent af markaðsvirði eins og síðustu ár hafa verið og stundum meira, í góðu árferði. Árið í ár líti t.d. vel út í því sambandi. Það verður þó að hafa í huga að eignir sjóðsins geta sveiflast í virði eins og í öðrum hlutabréfasjóðum,“ bendir hann á. Óðinn segir að mörg skráð fyrirtæki í Kauphöllinni séu komin með arðgreiðslustefnu og stefni á að greiða hluthöfum reglulegan arð.


## Sögulega hefur þeim greiðslum verið fjárfest að stórum hluta til aftur í hlutabréfmarkaðnum.

Óðinn Árnason, sjóðstjóri hjá Stefni



riki um hvernig lífeyrissjóðir ráðstafi sínum greiðslum. Þó megi vænta að töluverðum hluta þess verði endurfjárfest á hlutabréfmarkaði. „Þá er töluvert erlent eignarhald í Marel og að einhverju marki Arion banka og því mun hluti þeirra arðgreiðslna renna í vasa erlendra fjárfesta. Engu að síður ættu arðgreiðslur og endurkaup að glæða markaðinn lífi á komandi vikum og mánuðum og

## Endurkaup fyrirtækja á eigin bréfum fara vaxandi



## Greiðslur fyrirtækja í Kauphöll til hluthafa

Fjárhæðir eru í milljónum króna

| Nafn                 | Arðgreiðsla   | Lækkun hlutfjár | Kaup á eigin bréfum | Samanlagt     |
|----------------------|---------------|-----------------|---------------------|---------------|
| Arion                | 2.990         |                 | 18.188              | 21.178        |
| Brim                 | 2.305         |                 |                     | 2.305         |
| Eik                  | 650           |                 |                     | 650           |
| Eimskip              | 447           | 1.676           | 2.123               |               |
| Festi                | 969           |                 |                     | 969           |
| Hagar                |               |                 | 500                 | 500           |
| Iceland Seafood      |               |                 |                     |               |
| Icelandair           |               |                 |                     |               |
| Kaldalón             |               |                 |                     |               |
| Kvika                |               |                 |                     |               |
| Marel                | 6.289         |                 |                     | 6.289         |
| Origo                |               |                 |                     |               |
| Reginn               |               |                 |                     |               |
| Reitir               | 778           |                 |                     | 778           |
| Síminn               | 500           | 8.000           | 500                 | 9.000         |
| Sjóvá                | 2.650         |                 |                     | 2.650         |
| Skeljungur           | 350           |                 |                     | 350           |
| Sýn                  |               |                 |                     |               |
| TM                   |               |                 |                     |               |
| VÍS                  | 1.610         |                 | 500                 | 2.110         |
| <b>Samtals</b>       | <b>19.538</b> | <b>9.676</b>    | <b>19.688</b>       | <b>48.902</b> |
| ALMA íbúðafélag selt |               |                 |                     | 11.000        |
| <b>Samanlagt</b>     |               |                 |                     | <b>59.902</b> |

koma sér vel ef verður af tveimur fyrirhugudum nýskráningum næsta sumar, Íslandsbanka og Síldarvinnslunni,“ segir hann.

Óðinn segist telja lífeyrissjóðir muni endurfjárfesta hluta af þeim arðgreiðslum sem þeir fá á íslenska hlutabréfmarkaðnum á nýjan leik. „Hlutfall innlendra hlutabréfa af eignasafni lífeyrissjóða hefur hækkað að undanförunum. Það er því spurning hvaða augum þeir líta

hlutföllin í eignasöfnum sínum,“ segir hann.

Óðinn segir að almennt séu arðgreiðslur stöðugar hjá skráðum fyrirtækjum en umfang kaup á eigin bréfum óreglulegra og nýtt til dæmis til að gera breytingar á fjármagnsskipan félaganna.

Hlutabréfavisitalan OMX110 hefur hækkað um 11 prósent það sem af er ári og um 57 prósent á einu ári. Stýrivextir eru lágir eða

## Arðgreiðslur gætu aukist á árinu 2021

Mogens Gunnar Mogensen, forstöðumaður hlutabréfastýringar hjá Íslandssjóðum, segir að mögulega muni arðgreiðslur fyrirtækja á árinu aukast. „Arion banki og tryggingafélagin, einkum Sjóvá, hafa umtalsvert svigrúm til að greiða hluthöfum arð. Fjármálafyrirtæki eru háð skilyrðum Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hve mikinn arð má greiða. Þau skilyrði verða endurskoðuð í haust.

Þrátt fyrir að Sjóvá muni greiða 2,7 milljarða króna í arð verður fjárhagslegur styrkur félagsins áfram mikill. Tryggingafélagið getur greitt um tvo til þrjú milljarða til hluthafa en samt sem áður verði gjaldþols-hlutfallið innan þeirra marka sem stjórn hefur ákveðið. Gjaldþols-hlutfallið verður 1,67 eftir fyrirhugaða arðgreiðslu en samkvæmt lögum skal það ekki vera lægra en einn.“ Gjaldþols-hlutfall mælir getu fyrirtækja til að greiða langtímaskuldbindingar og vexti.

Kvika og TM munu biða með að greiða arð á meðan unnið er að sameiningu félaganna. „Sameinað félag gæti því greitt arð þegar líða tekur á árið,“ segir hann.

## Helsta ástæðan fyrir hærri útgreiðslum á árinu 2021 er að eigið fé safnaðist upp hjá fjármálafyrirtækjum og tryggingafélögum á árinu 2020 vegna tilmæla frá Fjármálaeftirliti Seðlabankans um að greiða ekki út arð eða kaupa eigin bréf.

Mogens Gunnar Mogensen, forstöðumaður hjá Íslandssjóðum



0,75 prósent en verðbólga mælist 4,1 prósent. Af þeim sökum hefur fjármagn færst úr innistæðum og skuldabréfum. „Þrátt fyrir að hlutabréfmarkaðurinn hafi hækkað hratt á skómmum tíma er gert ráð fyrir því að hlutabréfaverð geti hækkað áfram í ljósi þess hve vaxtastigið er lágt. Umtalsverður hluti sparnaðar almenningis er enn fjárfestur í lágvaxtaeignum og má áfram gera ráð fyrir eignatilfærslu að einhverju marki yfir í áhættumeiri eignir eins og hlutabréf,“ segir Mogens Gunnar.

Óðinn segist telja að innlend hlutabréf muni halda áfram að vera nokkuð sterk. Í ljósi lágra vaxta megi vænta þess að fjármagn haldi áfram að leita að betri ávöxtun í hlutabréfum auk þess sem arðgreiðslur hafi sögulega stutt við hlutabréfaverð. Þá stýttist í að íslenski hlutabréfmarkaðurinn fari í vísitölumengi MSCI, eins stærsta vísitölufyrirtækis í heimi. „Við væntum þess að fleiri erlendir fjárfestar muni við það fjárfesta í auknum mæli í íslenskum hlutabréfum. Jafnvel þótt einhverjir erlendir fjárfestar hafi selt á undanförunum misserum hlutabréf sín, enda um mjög ólíka fjárfesta að ræða,“ segir hann.

# SAFNAÐU!

EINN FYRIR ALLA, ALLIR FYRIR EINN

Taktu þátt og safnaðu áheitum á [mottumars.is](https://mottumars.is)



Krabbameinsfélagið





Álfheiður Ágústsdóttir, forstjóri Elkem á Íslandi, segir að mögulegt sé að nýta affallsgufu frá framleiðslunni til uppsetningar á 25 megavatta virkjun. Í Noregi hefur hið opinbera komið að fjármögnun

# Erfitt ár að baki á Grundartanga

Álfheiður Ágústsdóttir tók nýverið við sem forstjóri Elkem á Íslandi, en fyrirtækið á sér langa sögu á Íslandi. Gerðardómur um raforkuverð til fyrirtækisins sem féll árið 2019 gróf undan samkeppnishæfni þess, en mettap varð á rekstri fyrirtækisins í fyrra.

Þórður  
Gunnarsson  
thg@frettabladid.is



Álfheiður Ágústsdóttir hefur starfað hjá Elkem nánast alla sína starfsævi, en hún hóf fyrst störf hjá fyrirtækinu sem sumarstarfsmaður árið 2006. Hún byrjaði í fullu starfi hjá fyrirtækinu árið 2009 og hafði unnið á fjármálavæðingu um nokkurra ára skeið áður en hún tók við sem forstjóri í september síðastliðnum.

Rekstur Elkem á Íslandi fór ekki varhluta af kórónakreppu síðasta árs, en árið var hið strembnasta í sögu fyrirtækisins frá upphafi að sögn Álfheiðar. „Grunnreksturinn hjá Elkem á Íslandi hefur alltaf gengið í sveiflum og frá árinu 2017 hefur hann verið brösóttur. Síðasta ár var hins vegar afskaplega grimmt. Þegar fyrsta bylgja faraldursins reid yfir urðum við vör við krampakennd viðbrögð hjá birgjum okkar og mikið af pöntunum barst til okkar. Mikið stökk var í sölu og við keyptum inn stóra lagera af hrá-

efni til framleiðslunnar.

Nokkrum vikum seinna hrundi eftirspurnin svo algjörlega. Sölu-teymið okkar stóð sig hins vegar afskaplega vel við að koma út afurðum til að koma í veg fyrir að verksmiðjan þyrfti að stoppa. Við tókum einn ofn af þremur úr rekstri í um tvo mánuði en svo gátum við sett í gang aftur vegna þess hve sölu-teymið stóð sig vel. Auðvitað voru verðin ekki góð þessum tíma en þetta varð engu að síður til þess að við gátum haldið öllu gangandi. Við þurftum því ekki að fara í uppsagnir eða annað slíkt sem var mjög ánægjulegt,“ segir Álfheiður.

Um 170 manns starfa hjá Elkem Ísland en svo eru aðrir 50 til 60 verktakar sem starfa á verksmiðju-svæðinu á hverjum degi, að sögn Álfheiðar: „2020 var hins vegar afkoma verksmiðjunnar verst frá upphafi. Verð voru lág á markaði og kostnaður okkar vegna raforkukaupa hefur verið síðan afar hár eftir að gerðardómur um raforkuverð okkar lá fyrir.“

Álfheiður segir að fyrirtækið sé ýmsu vant. „Við lítum á þetta sem áskoranir og við leitum sífellt lausna og reynum að nýta tækifæri

## Saga Elkem á Íslandi í tæplega hálfra öld

Elkem er rótgróið fyrirtæki á Íslandi með langa sögu. Fyrirtækið var stofnað af íslenska ríkinu árið 1975 af ríkisstjórn Geirs Hallgrímssonar, þá undir heitinu Íslenska járnblendifélagið hf. í samvinnu við fyrirtækið Union Carbide. Elkem kom að rekstri fyrirtækisins árið 1976 þegar upphaflegur samstarfsaðili íslenska ríkisins dró sig út úr verkefninu. Elkem átti þá 45 prósent hlut á móti íslenska ríkinu sem hélt á 55 prósent hlut. Um skeið var hið japanska Sumitomo meðal hluthafa.

Elkem var orðið meirihluta-eigandi árið 1997, en árið 1998 var fyrirtækið skráð á markað. Íslenska ríkið átti hlut í fyrirtækinu allt til ársins 2002, þegar það seldi 10,5 prósent hlut sinn til Elkem, sem tók félagið svo af markaði árið 2003 og breytti nafni fyrirtækisins í Elkem Island.

sem nýjar aðstæður skapa okkur,“ segir hún enn fremur.

### Verðhrun á mörkuðum

Nánast allar hrávörur hrundu í verði síðasta vor eftir að iðnaðarframleiðsla stöðvaðist víða um heim. Verð á kísilmálm hefur hins vegar leitað upp á við að undanfögnu: „Verðin eru á finum stað núna og hafa verið að stíga hratt á síðustu mánuðum. Verðið stendur núna í 1.360 evrum á tonni sem er ágætt verð fyrir okkur. Væntingar standa til þess að verðið haldist út annan ársfjórðung. Lagerstaðan á heimsvísu er ansi lág um þessar mundir en það mun eflaust breytast á síðari hluta ársins, eftir því sem framleiðsla eykst víða um heim í kjölfar rekstrarstöðvuna á síðasta ári.

Við erum hins vegar vön miklum verðsveiflum. Eins og ég horfi á þennan rekstur þá koma góð ár og slæm ár og þess vegna þarf að horfa á meðalársemina yfir lengra tímabil. Ef núverandi verð á kísilmálm helst verður arðsemi á verksmiðjunni í ár. Hins vegar er spurning hvort arðsemin í ár verði nægilega mikil til að bæta upp fyrir tap síð-

ustu tveggja ára (rekstrartap ársins 2018 var 135 milljónir norskra króna).

Ársreikningur síðasta árs er tilbúinn og rekstrartap ársins var um 150 milljónir norskra króna (2,2 milljarðar íslenskra króna). Það hefur verið saga þessarar verksmiðju að það koma slæm ár og góð ár en meðalársemin yfir lengri tíma hefur verið viðunandi. En miðað við okkar kostnaðarumhverfi núna, sérstaklega með tilliti til raforkuverðsins, þá litur út fyrir að góðu árin verði töluvert magrari en við eigum að venjast.“

### Gerðardómur kom illa út

Nýlega náðust samningur milli Landsvirkjunar og Rio Tinto um breytingar og viðauka við raforkusölusamning álfversins við Straumsvík. Álverðstenging var aftur tekin upp í samningunum, en stefna Landsvirkjunar síðustu ár hefur verið að tengja raforkuverð því sem gengur og gerist á evrópskum orku-mörkuðum fremur en að tengja raforkuverð við álverð. Nú er hins vegar komið annað hljóð í strokkinn og Landsvirkjun hefur lýst sig reiðubúna til að taka aukna verð-

## Stundarverð á 75 prósent hreinum kísilmálm í Evrópumarkaði (evrur/tonn)



## Gætu minnkað losun um 90 prósent

Elkem á Íslandi losar á bilinu 400 til 450 þúsund tonn af koltvísýringi á ári hverju, sem samsvarar allt að 10 prósentum af heildarlosun á Íslandi á ári hverju. „Það er tækni fyrir hendi sem gæti dregið úr þessari losun um allt að 90 prósent. Þá er annað hvort hægt að dæla koltvísýringnum niður í jörðina með til að mynda tækni CarbFix eða framleiða aðrar hrávörur úr honum, til dæmis metanól, metan eða lífdísil. Svona verkefni kalla á miklar fjárfestingar og samstarf iðnaðar- og orkufyrirtækja. Elkem í Noregi hefur þegar hafið með stuðningi stjórnvalda hagkvæmniathugun á þessum möguleikum og kunna niðurstöður hennar að nýttast okkur hér.

Þar komum við hins vegar aftur að framtíðarhorfum fyrir rekstur okkar hér á landi, fyrirsjáanlegu og samkeppnishæfu raforkuverði og aðkomu hins opinbera að fjárfestingum í slíkri nýsköpun. Fá einstök verkefni geta dregið jafn mikið úr vistspori Íslands. Stórir áfangar í umhverfismálum kalla á mikla samvinnu.“

## Eru neðst á lista

Stefna Landsvirkjunar síðastliðinn áratug hefur verið að miða samningaviðræður við kostnaðarverð raforkunnar, sem Landsvirkjun áætla um 30 dollara á megavattstund. „Landsvirkjun vill fá sambærilegt verð og aðrir raforkuframléiðendur í Evrópu. Það er fullkomlega skiljanlegt sjónarmið. Hins vegar viljum við líka fá sambærilegt verð og kaupendur í þeim löndum sem við berum okkur saman við, til að mynda í Noregi.

Aðstöðumunurinn liggur í stuðningi við stóriðju. Þar er ég bæði að tala um endurgreiðslur vegna kostnaðar á kaupum á ETS-einingum í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda en líka sjóði eins og hinn norska Enova. Þar er um að ræða framtakssjóð á vegum norska ríkisins sem fjármagnar grænar lausnir fyrir mengandi iðnað. Enova fjármagnar til að mynda þriðjung af fjárfestingu í tengslum við endurnýtingu orku frá kísilmálmverum Elkem í Noregi. Elkem er núna að vinna fýsileikakönnun á því að fanga koltvísýring og endurvinnna orku fyrir allar sínar verksmiðjur og starfsemin hér á Íslandi er mjög hentug í þetta verkefni. Hins vegar erum við neðst á forgangslistanum hjá Elkem þar sem opinber stuðningur við grænar lausnir fyrir stóriðjuna er mikill í Noregi en nánast enginn hér. Stjórnendur Elkem velja auðvitað þá kosti fyrst sem eru hagkvæmastir. Sem sakir standa er það í Noregi. Elkem er mjög framsækið fyrirtæki í umhverfismálum en við hér á Íslandi sitjum svolitíð eftir þar sem hið opinbera hefur ekki sýnt þessum málum sama áhuga og yfirvöld í Noregi og Kanada.

Framtíðaruppbygging í þessari grein er fjárfrek og því verður ekki farið í fjárfestingar með aðeins átta ára raforkusamning. Við þurfum samkeppnishæfara raforkuverð, sem er sambærilegt við það sem er í

## Hér á Íslandi sitjum við svolitíð eftir þar sem hið opinbera hefur ekki sýnt þessum málum sama áhuga og yfirvöld í Noregi og Kanada

Noregi, og lengri samningstíma. Við erum dýrasta verksmiðjan í Elkem í launakostnaði, þannig að það er ýmislegt sem vinnur á móti okkur í þessum efnun. Staðsetning okkar vinnur líka gegn okkur þar sem við þurfum að flytja inn allt hráefni,“ segir Álfhildur.

## Orka var samkeppnisforskot

„Það var alltaf raforkuverðið sem gaf samkeppnisforskot hér á Íslandi. Þetta er hreinlega ekki lengur fyrir hendi og þessi verksmiðja yrði aldrei byggð í dag á þeim raforkuverðum sem eru í boði. Ég itreka að ég skil afstöðu Landsvirkjunar vel, en ef þetta á að ganga upp til lengri tíma þá þarf að skoða hluti eins og endurgreiðslur vegna kaupa á ETS-einingum. CO2-kostnaðurinn getur numið allt að einum þriðja af orkuverðinu og er stuðningur Norðmanna við sín fyrirtæki vegna þessa allt að tveimur þriðju af CO2-kostnaðinum á megavattstundina. Þeir nýta mengunarkvóta sem greiddir eru í ríkissjóð til að styrkja svona verkefni sem mér þykir skynsamlegt til að koma í veg fyrir kolefnisleka.“

## Gætu virkjað 25 megavött

Möguleikar á virkjun affallsgufu verksmiðju Elkem gæti verið lykill að aukinni samkeppnishæfni verksmiðjunnar hér á landi, að sögn Álfheiðar. Við framleiðslu á kísilmálm myndast hitaorka sem fer út í andrúmsloftið. „Hér væri hægt að setja upp orkuendurvinnslu sem væri um 25 megavött af uppsettu afli, sem samsvarar ríflega fimmtungi orkunotkunar okkar á hverju ári. Auk þess er hægt að nýta hann til hitaveitu. Mjög spennandi valkostir, en það kostar mikla peninga að fjárfesta í orkuendurvinnslu af þessu tagi.

## Á ríkissjóður þá að niðurgreiða rekstur stóriðjunnar?

„Þetta snýst ekki um það heldur að okkur sé ekki refsáð tvisvar með koltvísýringstollum. Við erum nú þegar að kaupa ETS-einingar fyrir þeirri koltvísýringsslosun sem verksmiðjan hér er ábyrg fyrir og erum að nota hreina raforku til framleiðslunnar. Hins vegar er raforkuverðið hér að nálgast það sem tíðkast í Evrópu, en þar eru það kolaorkuverðin sem eru á jaðri kostnaðarkúrfunnar og hækka raforkuverðið með öllum sínum koltvísýringssitollum. Við erum því að borga tvisvar fyrir okkar losun, beint með kaupum á mengunarkvótum og svo óbeint því kolaorkuverðið smitar yfir á evrópska raforkumarkaðinn. Ef þessari verksmiðju verður lokað hér þá verður hún opnuð aftur í Kína, þar sem kol eru brennd til að framleiða sömu vöru, því eftirspurnin eftir kísilmálm mun ekki minnka þó að Elkem á Grundartanga verði lokað.

Að óbreyttum raforkusamningi er líklegt að eigendur skoði að loka henni. Við erum hins vegar að gera allt til að láta þetta ganga og það er mitt verkefni hér. En það segir sig sjálft að ef það er tap ár eftir ár þá mun verksmiðjunnar verða lokað,“ segir Álfheiður Ágústsdóttir.

slíkra verkefna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þar var ákvarðað verð sem hvorki við né Landsvirkjun vorum ánægð með. Við erum hins vegar með kaupskyldu í þessum samningi og erum bundin af honum til ársins 2029.

áhættu með viðskiptavinum sínum. „Við erum alltaf í góðu samtali við Landsvirkjun. En það er ekkert að fréttu af okkar samningsmálum gagnvart þeim sem stendur, enda erum við föst með þennan úrskurð gerðardóms frá 2019,“ segir Álfheiður.

Elkem er meðal stærstu viðskiptavina Landsvirkjunar og kaupir ríflega eina teravattstund af raforku á ári hverju, sem svarar til um 7 prósentum af raforkuframléiðslu fyrirtækisins. Upphaflegur raforkusamningur Elkem og Landsvirkjunar tók gildi árið 1979 og var til 40 ára. Þegar endalok þess samnings nálguðust nýtti Elkem sér ákvæði í samningnum um að hann yrði framlengdur til tíu ára. Raforkuverð á þessu tíu ára tímabili var svo ákveðið af gerðardómi.

„Þar var ákvarðað verð sem hvorki við né Landsvirkjun vorum ánægð með. Við erum hins vegar með kaupskyldu í þessum samningi og erum bundin af honum til ársins 2029. Við erum augljóslega opin fyrir að tengja raforkuverð okkar afurðaverði og erum boðin og búin til að finna einhverjar lausnir á því máli.“



MARS TILBOÐ  
12.900 KR.  
(FULLT VERÐ: 18.880 KR.)

# TAPAS PLATTI

32 STK.

- Kolkrabbi með trufflu-kartöflumús og lime-pistasíu vinaigrette í boxi
- Marineraðar lambalundir með lakkrísósú í boxi
- Djúpstektur humar í orly með aioli í boxi
- Beikonvafin hörpuskel og dödlur á spjóti með sætri chilli-sósu
- Nautaspjót með piparrótarsósu
- Kjúklingaspjót með alioli
- Tapassnitta með andabringu, aioli og mandarínu
- Tapassnitta með serrano hráskinku, piparrótarsósu og melónu



Í veislupjónustu okkar finnur þú frábært úrval veitinga. Veislutilboð, sælkera- og lúxusveislur fyrir sérstök tilefni og svo getur þú líka valið þína upphaldsrétti og hannað þína eigin veislu.

Skoðaðu úrvalið á [tapas.is](https://tapas.is)  
Pantanir í síma 551-2344  
og á [tapas@tapas.is](https://tapas@tapas.is)





Orkuver HS Orku í Svartsengi á Reykjanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Lægra raforkuverð skili sér ekki til viðskiptavina

Viðskiptavinir HS Orku hafa ekki notið góðs af verðlækkunum raforkuframleiðandans að undanförunu vegna þess að verðskrár Landsnets og dreifiveitna hafa farið hækkandi á þessu ári. Þetta kemur fram í innsendu erindi HS Orku á samráðsgátt stjórnvalda vegna fyrirhugaðra breytinga á raforkulögum, sem meðal annars eiga að fela í sér breytingar á tekjumörkum fyrirtækja sem annast flutning og dreifingu raforku á Íslandi.

„Framleiðsla rafmagns hér á landi er umhverfisvæn sem skiptir máli í staðarvali þeirra fyrirtækja sem hingað kjósa að líta. En vegna fjarlægðar við markaði liggur forskot Íslands oftar en ekki í því að verð á umhverfisvænni orku sé samkeppnishæft í samanburði við það sem stendur til boða í samkeppnislöndum okkar, eins og á hinum Norðurlöndunum, öðrum Evrópulöndum eða Kanada,“ segir í

erindi raforkuframleiðandans.

Raforkuverð hafi farið lækkandi á þeim mörkuðum sem Ísland er í samkeppni við og HS Orka hafi brugðist við því með verðlækkunum. Sökum aukins kostnaðar við flutning og dreifingu raforku, hafi lækkanir ekki skilað sér að fullu til notenda. Þar með sé grafið undan samkeppnishæfni íslenska raforkumarkaðarins.

Í umsögn Norðurlágs um sama mál kemur fram að lækkun flutningskostnaðar sé nauðsynleg svo Ísland geti búið upp á samkeppnishæft orkuverð. „Þrátt fyrir ábendingar Fraunhofer, Deloitte, orkunotenda, -framleiðenda og -seljenda, um að hér stefni í óefni er niðurstaðan sú að litid sem ekkert verði að gert,“ segir í umsögn Norðurlágs. Í umsögn Landsvirkjunar er sambærilegt stef, en þar segir að breyting á tekjumörkum Landsnets þurfi að vera „marktæk“ ef treysta eigi samkeppnisstöðu Íslands. – thg



Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo, fer með 35 prósentu hlut eftir sölu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

## Creditinfo verðmetið á hátt í 30 milljarða

Creditinfo Group var samkvæmt heimildum verðmetið á hátt í 30 milljarða af sjöðnum LLC sem keypti meirihluta hlutafjár. Sænska Kamprad-fjölskyldan, kennd við IKEA, er stærsti hluthafinn í LLC. Höfuðstöðvarnar fari úr landi.

**K**aupverð bandaríska framtakssjóðsins Levine Leichtman Capital Partners (LLCP) á meirihluta hlutafjár Creditinfo Group, móðurfélags Creditinfo á Íslandi, samsvarar því að íslenska félagið sé verðmetið á allt að 30 milljarða króna, samkvæmt heimildum Markaðarins. Stærsti hluthafi sjóðsins samanstendur af afkomendum stofnanda IKEA-keðjunnar.

„Ég var í öikumannssætinu, færði mig yfir í farþegasætið og er núna kominn aftur í,“ segir Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo, um aðkomu sína að félaginu eftir sölu. Eins og fram kom í tilkynningunni um kaupin í gær heldur Reynir sæti í stjórn og er jafnframt annar stærsti hluthafi félagsins eftir sölu. Reynir, sem átti fyrir 70 prósentu hlut, heldur eftir 35 prósentu hlut.

Kaupverðið miðar við að fyrirtækið sé í heild sinni metið á 20-30 milljarða króna – endanleg fjárhæð veltur á ákveðnum fjárhagslegum markmiðum – og má því ætla virði hlutarins sem Reynir selur núna sé metinn á allt að 10 milljarða.

Creditinfo sérhæfir sig í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga og ráðgjöf tengdri áhættumati og áhættustýringu fyrirtækja. Áratugum saman hefur fyrirtækið boðið gögn, áhættustýringu og lausnir á sviði útlána til nokkurra stærstu lánveitenda, ríkisstjórna og seðlabanka heims. Fyrirtækið var stofnað á Íslandi 1997 og hjá því starfa rúmlega 400 manns í yfir 30 starfsstöðvum um allan heim. Reynir steig til hliðar sem forstjóri fyrir meira en þremur árum eftir að hafa staðið í brúnni í tuttugu ár.

„Það má segja að að ferlið hafi hafist þá vegna þess að ef þú ert bæði eigandi og forstjóri þá geturðu ekki selt fyrirtæki nema með því að selja sjálfan þig með. Kaupendur vilja ákveðinn stöðugleika,“ segir

**Ef ég ætti að gefa ungum frumkvöðlum heilræði þá væri það að halda fast í sköpunarverkið eins lengi og þú getur.**

Reynir. Fyrir um einu og hálfu ári hófst síðan leit að kaupanda sem tafðist vegna kórónukreppunnar.

Kaupandinn LLC er með um 11,7 milljarða Bandaríkjadala, jafnvirði um 1.500 milljarða króna, í stýringu og hefur fjárfest í yfir 90 fyrirtækjum. Reynir segir að einn stærsti hluthafinn í sjöðnum sé sænska Kamprad-fjölskyldan, afkomendur Ingvars Kamprad, stofnanda IKEA-keðjunnar. „Þetta eru alvöru fjárfestar,“ bætir Reynir við.

Saga LLC, teygir sig 37 ár aftur í tímann. Frá stofnun hefur sjóðurinn haft umsjón með um það bil 11,7 milljörðum Bandaríkjadala af stofnanafjármagni í 14 fjárfestingarsjóðum og hefur fjárfest í yfir 90 fyrirtækjum.

Ólíkt mörgum framtakssjóðum sem leita bágstaddra fyrirtækja sem fast fyrir lítið, hefur LLC þá nálgun að finna vel rekin fyrirtæki að sögn Reynis. „Það verður ekki mikil breyting. Þeir halda líklega áfram á sömu braut og eru í raun heppilegri eigandi en ég er. Það eru mikil tækifæri fölgín í því að kaupa fyrirtæki í sama geira og sameina þau en ég sem eigandi hef ekki fjárhagslegt bolmagn í það.“

Í tilkynningunni um kaupin var haft eftir Paul Randall, forstjóra Creditinfo Group, að mikil tækifæri fælust í því að fá LLC inn í hluthafahópinn.

„Með aðkomu nýs, reynslumikils og kröftugs fjárfestis, sem styður við markaðssókn og vöxt fyrirtækisins, verður mögulegt að styrkja

enn frekar vöruframboð okkar á sviði áhættugreiningar og fjárfækni,“ sagði Randall. Hann sagði sterka stöðu Creditinfo á bæði þróuðum mörkuðum og nýmörkuðum renna stöðum undir „umtalsverða vaxtarmöguleika“.


Creditinfo hagnaðist um 3,38 milljónir evra á árinu 2019, sem var meira en tvöföldun frá árinu áður. Heildartekjur Creditinfo á árinu 2019 námu um 46,7 milljónum evra, en þar af var um tíundi hluti vegna starfsemi í Afríku. Gera áætlanir fyrirtækisins ráð fyrir að tekjuvöxtur rekstrareininga í Afríku geti numið 30 prósentum á ári næstu tvo áratugi. Hins vegar kom nokkurt bakslag í starfsemi Creditinfo í Afríku vegna farsóttarinnar.

Mögulegt er að höfuðstöðvar Creditinfo verði fluttar úr landi. Vandfundin eru íslensk fyrirtæki sem hafa jafn víðtæk umsvif á erlendri grundu og Creditinfo. Höfuðstöðvarnar eru á Höfðabakka en minnkandi vægi starfseminnar á Íslandi og nýtt eignarhald gæti á endanum breytt því. „Vægi starfseminnar á Íslandi hefur minnkað hægt og rólega í gegnum tíðina og það mun væntanlega halda áfram,“ segir Reynir. Stjórnendahópur og stefna Creditinfo á Íslandi er hins vegar óbreytt.

Spurður um heilræði fyrir íslenska frumkvöðla leggur Reynir áherslu á úthald og þolinmæði.

„Stundum sé ég Íslendinga þróa sniðuga hugmynd, setja hana á markað og selja síðan reksturinn eftir fáein ár. Jafnvel fyrir nokkrar milljónir dala. Ef ég ætti að gefa ungum frumkvöðlum heilræði þá væri það að halda fast í sköpunarverkið eins lengi og þú getur. Þá geturðu náð langt.“

Aðspurður segist Reynir ekki vita hvað hann ætli að taka sér fyrir hendur. „Ætli maður verji ekki tíma og pening í að hjálpa til að búa til störf í þessu ástandi. Ég verð að gera eitthvað.“ [thorsteinn@frettabladid.is](mailto:thorsteinn@frettabladid.is)



## Kaup, sala og samruni fyrirtækja.

- Verðmat
- Ráðgjöf og undirbúningur fyrir sölumeðferð
- Milliganga um fjármögnun
- Samningagerð



kontakt@kontakt.is | 414 1200 | www.kontakt.is



# wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ  
Í SAMVINNU VIÐ WAGNER

# 148.900 kr.

LISTAVERÐ: 229.900 KR.

FAGADILAR MÆLA MED WAGNER



Elís Þór Rafnsson  
sjúkrálfari




## SITJUM Á HREYFINGU!

Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki.

Hreyfingin miðar að því að léttu álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar.

EINU STÓLARNIR MED



Dondola

360°

VELTITÆKNI

RAMMASAMNINGUR VIÐ  
RÍKISKAUP

# Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. [hirzlan@hirzlan.is](mailto:hirzlan@hirzlan.is).

[www.hirzlan.is](http://www.hirzlan.is)

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föstudaga 09:00-17:00, laugardaga 12:00-16:00. Lager opin mán-fim 13:00-17:00 og föstudaga 13:00-16:00.



## Skotsilfur



## Þéttari varnir

Það fór ekki mikið fyrir tilkynningunni sem ASÍ og SA sendu frá sér fyrir helgi. Þar var greint frá því að samtökin hefðu gert breytingar á kjarasamningi aðila um lífeyrismál sem miða að því að á rétta sjálfstæði stjórnarmanna í lífeyrissjóðum. Eftir breytingarnar er tilnefningaráðilum heimilt að afturkalla umboð stjórnarmanns í lífeyrissjóði á grundvelli laga og samþykktu lífeyrissjóðs. Tilkynna þarf stjórn sjóðsins með formlegum hætti rökstudda ákvörðum með tilvísun í viðeigandi lagaákvæði, samþykktir og reglur. Síðasta sumar lýsti **Ásgeir Jónsson** seðlabankastjóri því yfir að hann myndi beita sér fyrir því að sjálfstæði stjórnarmanna yrði tryggt til frambúðar. Tilefnið var, tilraunir VR til að hafa afskipti af ákvörðun LIVE um þátttöku í hlutafjárútbóði Ícelandair þar sem hótað var að afturkalla umboð þeirra stjórnarmanna sem færu gegn tilmælum VR. Ólíklegt er að verkalýðsforystan vilji flagga því sérstaklega að þessum breytingum hafi verið náð í gegn.



## Nýr formaður

Breytingar verða á stjórn Marels á aðalfundi félagsins í næstu viku þegar Ásthildur Ottharsdóttir, sem hefur verið formaður stjórnar frá 2013, hverfur á braut en Svafa Grönfeldt, sem á sæti í stjórnun Össurar og Ícelandair, kemur ný í stjórnina. Talið er næsta víst að **Arnar Þór Másson** muni taka við stjórnarformennsku í félaginu eftir aðalfundinn en hann hefur setið í stjórn Marels samfelld frá árinu 2001. Arnar Þór er barnabarn Sigurðar Egilssonar, sem stofnaði fyrirtækið Sigurplast og var einn af þeim fyrstu sem keyptu hlutabréf í Marel, en fjölskylda hans fer í dag með samanlagt um tveggja prósentu hlut í félaginu, sem er metinn á um 14 milljarða króna.



## Af sem áður var

Þegar til stóð að taka upp þrefalda skimur á landamærum sagði **Þórólfur Guðnason**, sóttvarnalæknir, að ekki væri hægt að halda því fram að aðgerðir væru strangar. „Ef eitthvað er þá held ég að aðgerðir hér séu með þeim vægari í Evrópu,“ sagði Þórólfur á upplýsingafundi þann 18. febrúar, degi áður en núgildandi fyrirkomulag tók gildi. Tæpum þremur vikum síðar, þann 4. mars, var sami maður spurður hvort dæmi væru um það erlendis að farþegar framvísuðu neikvæðum PCR-prófum greindust svo með COVID-19 á landamærum. Sóttvarnalæknir hafði ekki svör við því, enda væri fyrirkomulagið hér á landi strangara en víðast hvar annars staðar.



## Litríkir stuðningsmenn



Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, hélt pólitískan fund með stuðningsmönnum sínum í borginni Kolkata. Sumir þeirra mættu málaðir flokksmerkjum Bharatiya Janata Party en allavega einn lét mála andlit Modis á bringuna. Í febrúar gaf fjármálaráðherra Indlands þau fyrirheit að selja þrettán ríkisfyrirtæki, þar af tvo banka, flugfélag og líflyggingafélag. Ólífvanlegum fyrirtækjum sem ekki er hægt að selja verður lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Hægari viðspyrna, verri lífsskjör



Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar

Eitt af því sem sífellt er fjallað um undanfarna mánuði er mikilvægi þess að efnahagslífið nái hraðri viðspyrnu. En af hverju skiptir það máli? Hægari viðspyrna þýðir að fyrirtækin munu ekki geta ráðið jafn margt starfsfólk, það þýðir meira atvinnuleysi í lengri tíma, það þýðir að það verður ekki hægt að hækka laun. Hægari viðspyrna þýðir að neikvæð áhrif atvinnuleysis verða meiri, og að þau fara að birtast í meiri mæli í heilsufarsvandamálum, fjárhagsvandamálum og svo framvegis. Áhrif þess að viðspyrnan verði hægari munu líka birtast í auknum erfiðleikum ungs fólks, meira atvinnuleysi, fjárhags-erfiðleikum og auknum geðrænum vandamálum.

Allt hefur þetta þau áhrif að þörf fyrir aukna opinbera þjónustu velferðarkerfisins eykst, á tíma þar sem stjórnmalámennt þurfa að vera að vinna upp taprekstur ríkissjóðs. Þörf fyrir þjónustu heilbrigðiskerfisins eykst, halda þarf betur utan um fólk í menntakerfinu til að koma í veg fyrir uppflokkun úr námi, sem er þekkt afleiðing efnahagskreppa. Sameiginlega leiðir þetta til aukinnar hættu á því að samfélagið ráði ekki við að búa til verðmæti til að standa undir auknum kostnaði til lengri tíma.

Svarið felst í að styðja við verðmætasköpun

Fyrst verðum við að átta okkur á því að við erum stödd í skaðaminnnkunarverkefni. Skaðinn er orðinn, það mun alltaf verða skaði. Okkar hlutverk er að haga aðgerðum og ákvörðunum þannig að skaði samfélagsins í heild verði



Það er ekki nóg að auka skattlagningu. Skattar skapa ekki verðmæti. Verðmætin verða til með auknum umsvifum í fjölbreyttu atvinnulífi.

sem minnstur. Því að á endanum snýst þetta alltaf um að verja lífskjör þjóðarinnar í heild, að tryggja að fólk hafi vinnu, að verja kaupmátt fólks, að sjá til þess að lífskjör þjóðarinnar skerðist ekki til langframa vegna tímabundins kreppuástands.

Ef viðspyrnan verður hægari en möguleiki er á, eykst heildarskaði samfélagsins. Skynsamlegasta leiðin til að takmarka skaðann, og í raun eina leiðin sem er í boði, er að hraða viðspyrnunni, auka verðmætasköpun eins hratt og hægt er. Sjá til þess að fyrirtæki geti tekið hratt við sér, ráðið fleira fólk og fyrr, búið til meiri verðmæti hraðar og skilað tekjum í opinbera sjóði.

Það er ekki nóg að auka skattlagningu. Skattar skapa ekki verð-

mæti. Verðmætin verða til með auknum umsvifum í fjölbreyttu atvinnulífi. En það gerist ekki af sjálfu sér. Stuðnings er þörf.

Rekstrarumhverfi og samkeppnishæfni eru ekki bara orð á blaði

Til þess að atvinnulífið geti búið til þau auknu verðmæti sem þarf til að verja lífskjörin, nógu hratt til að minnka skaðann eins og hægt er, þurfa stjórnvöld að skapa aðstæður til þess. Rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja er afar erfitt. Á því þarf að gera breytingar, annars mun of há kostnaður og flækjur í rekstri hamla atvinnutækifærum og verðmætasköpun. Það þarf að gera breytingar til að bæta samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, annars mun léleg samkeppnishæfni hamla atvinnutækifærum og verðmætasköpun. Og það þarf að gera þetta í alvörinni og gera það hratt, ekki skipa nefndir.

Ferðaþjónustan er sú útflutningsatvinnugrein sem getur tekið hraðast við sér þegar aðstæður skapast á ný. Verið fljót að ráða fólk í vinnu, verið fljót að búa til tekjur fyrir samfélagið. Þess vegna er augljóst að það hvernig stjórnmalaflokkarnir ætla að styðja við hraða viðspyrnu

ferðaþjónustunnar – og þar með hraða viðspyrnu efnahagslífsins, er ein stærsta spurning komandi kosninga. Hvernig verður rekstrarumhverfið lagfært? Ekki hvort. Hvernig verður samkeppnishæfni greinarinnar færð til betri vegar? Ekki hvort.

Hindranir á vegi ferðaþjónustu skapa hættu fyrir alla

Það er eðlilegt að fjölmiðlar og opinber umræða um ferðaþjónustu snúist mikið til um næsta sumar og mögulega afkomu greinarinnar á næstu mánuðum. En í raun ætti samfélagið að vera að ræða um það hvernig hægt er að tryggja að þessi atvinnugrein geti áfram verið drifkraftur verðmætasköpunar og atvinnuþróunar um allt land næstu tíu árin, hvernig við tryggjum að hún hafi áfram jafn jákvæð áhrif á stöðugleika, efnahagsþróun og atvinnutækifæri og hún hafði síðustu tíu ár.

Þá spratt ferðaþjónustan upp af sjálfri sér og samfélagið hljóp á eftir. Núna þarf samfélagið að hlaupa á undan og ryðja hindrunum úr vegi. Það hversu hratt er hlaupið ræður því hvað skaðinn verður að endingu stór.

# Argentínumaður flytur til Íslands

## Svipmynd

### Diego Areces

#### Menntun:

Meistaragráða í rafmagnsverkfræði frá Buenos Aires-háskóla og CSS í stjórnun frá Harvard.

#### Störf:

Framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá DT Equipment frá nóvember. Starfaði hjá Schneider Electric samsteypunni frá 2000 til 2020 meðal annars sem framkvæmdastjóri námu-, jarðefna- og málmsviðs, sem aðstoðarframkvæmdastjóri stafrænna og IoT lausna og sem yfirmaður miðstöðvar fyrir sjálfvirkni í iðnaði. Starfaði í Peking, Boston og Seúl.

#### Fjölskylda:

Kvæntur og á tvo uppkomna syni sem vinna fyrir tæknifyrirtæki í Bandaríkjunum, annar býr í Atlanta og hinn í Chicago.

**D**iego Areces var ráðinn fyrir um hálfu ári sem framkvæmdastjóri sölu- og markaðsmála hjá DT Equipment. DTE þróar tækni sem greinir fljótandi málmsýni og við það stýttist greiningartími á efnainnihaldi framleiðslunnar verulega. „Það er spennandi að starfa fyrir ungt sprotafyrirtæki sem mun umbýla rekstri álvera,“ segir hann.

Areces er frá Argentínu en flutti til Bandaríkjanna árið 1998 og er með bandarískan ríkisborgararétt. Hann bjó í Boston þar til hann flutti til Kína árið 2011. Árið 2017 flutti hann til Kóreu og bjó þar til ársins 2020 er hann flutti til San Fransisco.

*Hvernig er fyrir mann frá Argentínu að flytja til Íslands. Er ekki alltof kalt hér?*

Ég bjó í Boston í mörg ár. Þar er mun kaldara en á Íslandi. Það verður líka kalt í Kóreu. Ég set kuldann ekki fyrir mig en hef nokkrar áhyggjur af myrkrinu. En ég er svo heppinn að ég get bætt upp fyrir það með ferðalögum.

*Hver er bakgrunnur þinn?*

Ég hef verið í leiðtogahlutverki í viðskiptalífínu undanfarin 25 ár á alþjóðavettvangi, aðallega í iðnaðar- og orkugeiranum. Ég hefeinkum unnið að uppbyggingu, stækkun og breytingastjórnun innan alþjóðlegra fyrirtækja – og oft að öllum þessum þáttum samhliða. Segja má að ég hafi tekið þátt í fjórðu iðnbýltingunni frá upphafi þar sem ég leiddi innleiðingu nettengds stýribúnaðar fyrir Schneider Electric í upphafi aldarinnar.



„Ég hef verið í leiðtogahlutverki í viðskiptalífínu undanfarin 25 ár,“ segir Diego Areces. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Ég bjó í Boston í mörg ár. Þar er mun kaldara en á Íslandi.**

eru einmitt kjarninn í starfsemi DTE. Innan fyrirtækisins starfar framúrskarandi hópur fólks og ég lít svo á að fyrirtækið búi yfir miklum möguleikum til nýsköpunar og vaxtar. Ísland er þekkt alþjóðlega sem brautryðjandi í sjálfbærri orkuframleiðslu og hér er mikið af hæfu fólki sem jafnframt hefur hlýtt viðmót og hefur tekið mér opnum örmum. Allir þessir þættir urðu til þess að ég ákvað að taka við starfi framkvæmdastjóra sölu- og markaðsmála hjá DTE.

*Hvað getur þú sagt okkur um stöðu Íslands þegar kemur að tækniþróun?*

Fyrir fram vissi ég ekki alveg við hverju ég átti að búast á Íslandi en ég dáist að því háa menntunarstigi, þeirri tæknilegu færni og þeim hæfileikum til nýsköpunar sem ég hef upplifað hérlandis. Á Íslandi er spennandi sprotaumhverfi og einstakar aðstæður til að prófa og sannreyna nýjar tæknilausnir í raunumhverfi í nánun og

traustu samstarfi við viðskiptavinum og birgja, með virkum stuðningi og þátttöku háskóla og opinberra rannsóknastofnana.

Við hjá DTE erum ánægð með að vera hluti af íslenska nýsköpunarumhverfinu og að geta lagt okkar lóð á vogarskálarnar í að breyta verkferlum í iðnaði, bæði hér á landi og erlendis. Ísland er mjög hentugur staður fyrir sprotafyrirtæki eins og DTE, sérstaklega þegar haft er í huga að Ísland er annað stærsta álframleiðsluland í Evrópu á eftir Noregi. Samvinna DTE við bæði Norðurál og Rio Tinto ISAL hefur verið ómetanleg fyrir vöxt og þróun fyrirtækisins. Starfsemi DTE hefur þar að auki margvísleg hliðaráhrif út í íslenskt atvinnulíf.

*Hver eru næstu skref fyrir DTE?*

Til skemmri tíma verður áhersla lögð á að halda áfram vinnu við að sannreyna tækni fyrirtækisins á verksmiðjugólfinu í samstarfi við viðskiptavinum í álframleiðslu, álblöndun og álendurvinnslu, sam-

hliða því að byggja upp net samstarfsaðila um allan heim, auk þess að prófa tæknina fyrir aðra málma og byggja upp innviði fyrirtækisins til að takast á við aukna framleiðslu og sölu á árinu 2022. Við munum áfram vinna náið með öðrum fyrirtækjum hérlandis og treystum á að stjórnvöld og aðrir hagaðilar haldi áfram að styðja við sprota- og nýsköpunarumhverfið.

Liður í þessu ferli er að ráða fleira starfsfólk, en við erum um þessar mundir að leita að drifandi og metnaðarfullu fólki í nokkrar nýjar stöður hjá okkur. Þetta eru spennandi tímar.

*Hver verða þín næstu skref?*

Ég er einnig í þann mund að flytjast búferlum til Íslands og hluti af tíma mínum næstu vikurnar mun af þeim sökum fara í að aðlagast betur íslensku samfélagi og læra meira um sögu þess og menningu, auk þess að njóta hinnar mögnuðu náttúru landsins og samskiptanna við fólkið sem hér býr.

## Stjórnendur nýrra tíma



**Sæmundur Sæmundsson** stjórnarmaður hjá Festu miðstöð um samfélags-ábyrgð og sjálfbærni

**Þ**að dylst fáum að mannkynið stendur frammi fyrir gríðarmiklum áskorunum á komandi áratugum. Hnatræn hlýnun, fjölgun mannkyns, hnignandi vistkerfi og þverrandi náttúruauðlindir valda því að við þurfum að gera miklar breytingar á því hvernig við högum lífi okkar til frambúðar. Tækniframfarir og hugarfarir eru mikilvægar forsendur þeirra breytinga sem þurfa að eiga sér stað og það verða umfram allt fyrirtæki

sem munu knýja þær breytingar. Því er ábyrgð fyrirtækja og stjórnenda þeirra mikil en tækifærin um leið ótæmandi.

Stjórnendur þurfa að aðlaga sig hratt að auknum kröfum um gagnsæi og upplýsingagjöf. Það er ekki nóg að hugsa eingöngu um hag eigenda, heldur allra haghafa. Haghafarnir eru eigendur, starfsmenn, viðskiptamenn og það samfélag sem fyrirtækið er hluti af. Tilgangur og stefna fyrirtækja þarf að vera skilgreind út frá þörfum allra haghafa. Viðhorf til fyrirtækja og mat á frammistöðu þeirra mun í síauknum mæli mótast af því hvernig þeim tekst að sýna fram á að þau séu í reynd að stuðla að betra samfélagi og hafi hag allra haghafa að leiðarljósi. Þeim fyrirtækjum sem tekst það mun vegna betur en hinum við að laða til sín fjármagn, að ráða til

**Viðhorf til fyrirtækja og mat á frammistöðu þeirra mun í síauknum mæli mótast af því hvernig þeim tekst að sýna fram á að þau séu í reynd að stuðla að betra samfélagi og hafi hag allra haghafa að leiðarljósi.**

sín og halda í bestu starfsmennina og að byggja sterkt samband við viðskiptavinum sína, stjórnvöld og samfélagið allt.

Stjórnendur verða að setja samfélagslega ábyrgð fyrirtækja sinna og þátttöku þeirra í hringrásarhagkerfinu á oddinn. Þeir sem hafa ekki gert það nú þegar eiga á hættu að helta úr lestinni. Þeir sem þegar hafa hafið vegferðina við að breyta fyrirtækjum sínum með áherslu á umhverfið, stjórnarhætti og samfélagið þurfa að bæta í og gera enn betur. Aðstæðan er einföld: Það má engan tíma missa. Til þess að ná að þróa nýja tækni, bæta umgengni okkar við náttúruna og breyta neyslunum jarðarbúa þannig að raunhæft sé að ná til dæmis markmiðum Parísarsamkomulagsins höfum við aðeins 10 ár til stefnu. Þessi 10 ár þurfa að vera ár

framkvæmda, ekki undirbúnings. Það hefur orðið vitundarvakning á síðustu 2-3 árum hvað þessi mál varðar, en miklu betur má ef duga skal. Ábyrgð stjórnenda er mikil og reynir mest á þá sem leiðtoga við að innleiða þær breytingar sem þörf er á.

Verkefni sem mannkynið stendur frammi fyrir eru vissulega stór og krefjandi. En þeim fylgja líka gríðarleg tækifæri. Þróa þarf nýja tækni, nýjar framleiðsluáferðir, nýjar leiðir til samskipta og svo mætti lengi telja. Þeir leiðtogar og stjórnendur fyrirtækja sem einblína á tækifærin sem þessi mikilvægu verkefni kalla á, munu verða lykilþátttakendur í að byggja upp sjálfbæra framtíð, betri framtíð fyrir alla haghafa. Fyrirtæki sem verða svo heppin að hafa þessa stjórnendur innanborðs horfa fram á bjarta tíma.

## SKOÐUN

Borsteinn Friðrik  
Halldórsson



## Vonlaus vottun

Rétt fyrir síðustu áramót var greint frá nýrri rannsókn á upplifun stjórnenda á áhrifum jafnlaunavottunar. Niðurstöðurnar voru í senn athyglisverðar og fyrirsjáanlegar. Rannsóknin byggði á viðtölum við stjórnendur hjá fyrirtækjum og stofnunum og var upplifun flestra viðmælanda sú að vottunin hefði að einhverju leyti önnur áhrif en markmiðið var með lagasetningu hennar. Hægt væri að uppfylla skilyrði jafnlaunavottunar þótt kynbundinn launamunur væri til staðar.

Það er ekki nóg með að jafnlaunavottunin sé gagnslaust tól, eða „tálsýn“, eins og sumir viðmælandur komust að orði, heldur er hún beinlínis íþyngjandi fyrir bæði atvinnurekendur og launþega, en á ólíkan hátt. Fyrir atvinnurekendur felur jafnlaunavottunin í sér „aukið skrifræði“ og „tilfærslu ákvörðunarvalds“ til miðlægra stjórnenda og vottunaraðila. Óvissan sem fylgir reglulegum úttektum vottunaraðila gerir atvinnurekendum erfiðara fyrir að bregðast við ef starfsmaður fær betra tilboð annars staðar.

Sumir stjórnendur viðurkenndu undir nafnleysi að þeir nýttu vottunina sem yfirvarp til þess að komast auðveldlega hjá því að veita starfsfólki launahækkun. Göfuga jafnlaunavottunin getur þannig nýst atvinnurekendum til þess að halda launum niðri. Eflaust má finna vísindaskáldskap frá síðustu öld þar sem dystópískri sýn á framtíð kapitalismans er lýst með svipuðum hætti. Orðin sem stjórnendur nota til þess að lýsa jafnlaunavottuninni eru áfellingisdómur yfir lagasetningunni sem þingflokkur Viðreisnar stóð stoltur að. En rannsóknin fékk litla athygli í fjölmiðlum og ekki þótti ástæða til þess að spyrja þingmenn flokksins, sem er tíðrætt um jafnrétti og viðskiptafrelsi, hvað þeim þætti um þá skoðun stjórnenda að jafnlaunavottunin væri gagnslaust fyrir jafnrétti og íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Raunar er þetta vandamál sem einkennir ákvarðanatöku í stjórnárum. Kostnaðurinn sem hlýst af ákvörðunum dreifist á marga og er oft dulinn. Það er því lítið hvati fyrir þá sem greiða kostnaðinn til að hópa sig saman og mótmæla ákvörðuninni. Ábatinn dreifist hins vegar á fáa sem hafa mikinn hag af því að viðhalda óbreyttu ástandi. Í þessu tilfelli eru það vottunarstofurnar.

Í lok nóvember höfðu 62 prósent þeirra fyrirtækja sem skylt er að innleiða jafnlaunastefnu lokið innleiðingunni. Öllum fyrirtækjum sem hafa 25 starfsmenn að jafnaði eða fleiri er skylt að innleiða jafnlaunastaðal stjórnvalda fyrir lok árs 2022. Ljóst er að jafnréttisíðnaðurinn á heilmikið inni þó að ávinningur samfélagsins af þessari vegferð sé í besta falli óljós.

## Vægi ríkisbréfa komið undir 20%

Vægi ríkisskuldabréfa og ríkisvixla í eignasafni samtryggingardeilda lífeyrissjóða minnkaði um tæp þrjú prósentustig á árinu 2020. Þetta kemur fram í upplýsingum um heildareignir lífeyrissjóða sem Fjármálaeftirlitið hefur birt.

Ríkisbréfin námu riflega 22 prósentum af eignasafni samtryggingardeilda sjóðanna í lok mars á síðasta ári. Hlutfallið fór minnkandi yfir árið og var komið niður í 19,5 prósent í árslok. Vægi hlutabréfaeignar jókst hins vegar úr tæpum 15 prósentum upp í 17,6 prósent.

Lífeyrissparnaður landsmanna nam samtals rúmlega 6.000 milljörðum við árslok 2020 og skiptist niður á 5.119 milljarða króna í samtryggingadeildum, 595 milljarða hjá séreignardeildum og 247 milljarða hjá öðrum innlendum vörsluaðilum séreignarsparnaðar.

Lífeyriseignir landsmanna hækkðu um 773 milljarða króna á árinu og nema nú rúmlega tvöfaldri landsframleiðslu. Hækkun erlendrar eigna, sem eru nú 35 prósent af öllu eignasafni lífeyrissjóðakerfisins, nam meira en helmingi af hækkun eignasafnsins. – þfh

04.03.2021

●● Aðalmálið er hvenær við getum opnað okkar landamæri. Það virðist vera einhvern veginn algjört klúður hér á landi í þessum [bólusetningarmálum]. Maður óttast að helstu markaðir verði „ready“ en við ekki „ready“.

Steinn Logi Björnsson, frambjóðandi í stjórn Icelandair



**SR**  
**STÓRSVEIT**  
**REYKJAVÍKUR**  
**KYNNIR:**

**JÓN MÚLI**  
**ÁRNASON**  
**100 ÁRA**

**21. mars kl. 20.00**  
**Eldborg Hörpu**

**GESTASÖNGVARAR**  
**Ellen Kristjánsdóttir**  
**Jón Jónsson**  
**Sigríður Thorlacius**  
**Sigurður Guðmundsson**

**STJÓRNANDI & KYNNIR**  
**Sigurður Flosason**

Sterkari saman  
í sátt við umhverfið

UNIVERSITY

**LITRÓF**

**Guðjón Ó**

**Prenttækni**

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík